

## Tölulyklar fyrir mjólkurskýrslu

### UPPLÝSINGAR UM KÁLFINN

#### Kyn kálfsins

1: Naut      2: Kvíga      3: Óþekkt

#### Afdrif (notkun) kálfsins

1: Settur á í eigin búi  
2: Alinn til kjötframleiðslu  
3: Slátrað nýfæddum (<1. mán. eftir burð)  
4: Fæddist dauður  
5: Kýrin lét (meðgöngutími <250 d.)  
6: Seldur til lífs  
7: Tveir kálfar fæddir, annar settur á  
8: Drapst innan 3 vikna  
9: Drapst í fæðingu

Skrá skal förgunardags. og sláturhús ef kálfur er slátrað nýfæddum. Á sama hátt skal skrá dags. ef gripur drepst.

### Sjúkdómar / athugasemdir:

#### 1. Efnaskipta- og meltingarsjúkdómar

11: Doði (bráðadoði)  
12: Súrhoði  
13: Graskrampi (magnesiumskortur)  
14: Beinaveiki  
15: Þemba  
19: Aðrir sjúkdómar í þessum flokki

#### 2. Júgursjúkdómar

21: Júgurbólga  
22: Geldstöðumeðhöndlun  
23: Spenastig/slys  
24: Kýrin ekki mjólkuð á öllum spenum  
29: Önnur atriði í þessum flokki

#### 3. Sjúkdómar í fótum/klaufum

31: Marinn sóli (sólamar)  
32: Klaufsperra  
33: Rot  
34: Ígerð  
39: Önnur fóta- og klaufamein

#### 4. Æxlunarfærasjúkd./frjósemistruflanir

41: Burðarerfiðleikar  
42: Fastar hildir  
43: Blöðrur á eggjastokkum  
44: Fast gulbú  
45: Fósturlát  
46: Sýking  
47: Dulbeiðsli  
49: Annað í þessum flokki

#### 5. Aðrir sjúkdómar og athugasemdir

51: Lungnasjúkdómar  
52: Veiruskita  
53: Fóðureitrun  
54: Önnur eitrun  
55: Aðrir smitsjúkdómar  
56: Sólbruni (ofnæmi)  
57: Kýrin slösuð  
59: Annað

### FÖRGUN (AFDRIF) Á VIÐ UM KÝRNAR:

1: Beinaveik  
2: Júgurbólga  
3: Kýrin heldur ekki  
4: Spenastig  
5: Áföll við burð  
6: Lélegar afurðir  
7: Elli  
8: Bráðadauði  
9: Drapst af slysförum  
10: Spenagallar  
11: Júgurgallar  
12: Skapgallar  
13: Aðlögun að framleiðsluheimildum  
14: Kýrin seld (skrá þarf kaupbú)  
15: Óþekkt  
16: Gallar í mjöltum  
17: Tekin úr framleiðslu (kálfafóstra)

Í dagsetningu skal færa förgunardag eða söludag og ef gripir eru keyptir færast þar einnig hvenær þær koma inn á búið. Einnig skal færa sláturhús ef við á.

### UPPLÝSINGAR FYRIR GRÍPI Í UPPELDI

9: Gripurinn drapst  
15: Gripurinn horfin/óþekkt  
18: Unggrip slátrað (skrá þarf sláturhús)  
19: Slátrað heima  
20: Gripurinn seldur frá búinu (skrá þarf kaupbú)



Búnaðarsamband  
Suðurlands

[www.bssl.is](http://www.bssl.is)

Austurvegi 1  
800 Selfoss

Sími: 480 1800  
Fax: 480 1818  
[bssl@bssl.is](mailto:bssl@bssl.is)



Búnaðarsamband Suðurlands

[www.bssl.is](http://www.bssl.is)



Skýrsluhald í  
nautgriparækt II  
Leiðbeiningar um  
útfyllingu mjólkur-  
skýrslu




## Leiðbeiningar um útfyllingu á mjólkurskýrslu, burði, afdrifum og flutningum gripa milli bóa

### Mjólkurskýrsla

Á mjólkurskýrslu eru aðeins skráðar mjólkurmælingar og kjarnfóður ásamt athugasemdum ef þarf. Skrá skal 0 í reitinn „Mæling kg“ ef kúr er í geldstöðu en hafi gripnum verið fargað skal setja bandstirk og gera grein fyrir afdrifum á eyðublaðinu „Burðir/afdrif/flutningar gripa“. Hægt er að skrá fleiri en eina athugasemd ef menn vilja og skal þá skrá þær með bandstriki á milli athugasemdalykla

Fremsti dálkur mjólkurskýrslunnar hefur dálkaheitið „Nýborin“ Mikilvægt er að merkja með krossi í þennan dálk hjá þeim gripum sem eru nýbornir en hafa ekki mælingu á skýrslunni.

**ATH ekki er nauðsynlegt að merkja í þennan reit ef nýbornar kúr eða kvígur hafa mælingu á skýrslunni.**



### VANDAÐ SKÝRSLUHALD

Vel færðar og vandaðar skýrslur skila betri árangri og gera þær að nothæfu tæki við daglega bústjórn. Höfum í huga að meiri upplýsingar eru betri en minni.

Vandað og reglubundið skýrsluhald styrkir rekstur búans og hið sameiginlega kynbótastarf nautgriparæktarinnar.



### HUPPA.IS

Hægt er að færa skýrsluhald í nautgriparækt á netinu á [www.huppa.is](http://www.huppa.is). Þar er hægt að skrá burði, mælingar, afdrif, flutninga o.fl.

Nánari upplýsingar má fá hjá Búnaðarsambandinu eða Bændasamtökum Íslands.



### SÆÐINGAR OG KÝRSÝNI

Sæðingar skráir frjótækni og því þarf ekki að skrá þær á mjólkurskýrslu hvort sem fært er á pappír eða huppa.is.

Niðurstöður kúrnsýna berast sjálfvirk frá Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins.

### Burðir/afdrif/fang

Sérstakt eyðublað er nú fyrir skráningar á burðum, afdrifum og fangskráningu. Þetta á við um gripa sem eru á mjólkurskýrslu. Sama skráningartafli er fyrir allar þessar skráningar og eru burður eða fang skráð í sömu reiti en aðgreint á milli um hvort er að ræða með skráningarlyklunum 1 fyrir burð og 2 fyrir fang.

Ekki þarf að skrá fang með sæðingautum þar sem þær upplýsingar koma nú inn í HUPPU í gegnum fangskráningu frjótækna.

Afdrifaskráning er aftast í töflunni og þar er gerð grein fyrir gripum sem afsettir eru af skýrslu, fargað eða seldir. Mikilvægt er að tilgreina móttökubú eða sláturhús, hvort sem um er að ræða förgun eða sölu.

**ATH að sami reitur er notaður til að skrá móttökubú nýfæddra kálfa sem seldir eru af búinu.**

### Nýir gripir á skýrslu

Í töflunni nýir gripir á skýrslu eru skráðir þeir gripir sem koma nýir á mjólkurskýrsluna. Nauðsynlegt er að skrá allar upplýsingar um gripina svo skráningarfólk sjái auðveldlega um hvaða grip er að ræða.

**Mikilvægt er að tilgreina sölubú þar ef um aðkeypta gripa er að ræða.**

### Flutningar gripa

#### Gripir í uppeldi

Förgun eða sölu á gripum sem eru í uppeldi er hægt að skrá í þessa töflu. Mikilvægt er að þetta sé gert til að gengið verði frá skráningu hvað þetta varðar og gripilisti búans haldist réttur. Mikilvægt er að gefa upp fullt einstaklingsnúmer gripsins til að ekki fari milli mála um hvaða grip er að ræða.

**Einstaklingsnúmer gripsins samanstendur af 7 stafa búsnúmeri og 4 stafa gripanúmeri og allar þessar upplýsingar sjást á eyrnamerki gripsins**

#### Keyptir gripir

Hér eru skráðir inn á búið þeir gripir sem hafa verið keyptir frá síðustu skýrsluskilum. Hér er einnig mikilvægt að gefa upp fullt einstaklingsnúmer grips ásamt kyni, kaupdagsetningu og sölubúi.

**Eigi gripurinn að hafa valnúmer á þínu búi er hægt að skrá það í reitinn valnúmer og séu fyrir hendi upplýsingar um númer móður er gott að láta slíkt fylgja með.**

# Athugið að skila þarf mjólkurskýrslu fyrir 11. hvers mánaðar – takið kúrnsýni

